

Kæru foreldrar/forráðamenn nemenda í 1.-4. bekk

Þá höldum við áfram í næstu óvissuferð. Við höfum í dag endurskipulagt skólastarfið eins og kostur er og er markmiðið að þetta skipulag verði fram að helgi. Kannski þurfum við að breyta einhverju í ferlinu en við munum láta ykkur vita af því. Við erum búin að skipta öllum skólanum í hólf/svæði og höfum eins lítil samskipti á milli svæða og við mögulega getum. Við getum vissulega nýtt okkur reynsluna frá því í vor þar sem við erum á svipuðum stað núna og við vorum í mars.

Nú munum við opna skólann kl. 8.00. Matur í hádeginu verður einungis fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Þið verðið að skoða vel hvaða inngang nemendur nota og hvenær á að mæta í skólann, við þurfum aðeins að hafa það á mismunandi tímum.

Mjög mikilvægt er að þið ræðið skipulagið vel og vandlega við börnin, við treystum ykkur til að gera það þannig að allir verði tilbúnir í það verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Það er nauðsynlegt að nemendur virði þessar reglur sem við núna vinnum eftir. Það er nauðsynlegt að koma vel klæddur í skólann því við reiknum með útiveru alla daga.

Við ætlum að halda áfram með mjólkuráskriftina og ávaxtaáskriftina en hafragrautur verður ekki í boði. Kleinuhringirnir sem búið var að panta fyrir morgundaginn verða á bíða betri tíma s.s. þeir verða ekki á morgun en það má vissulega koma í hrekkjavökubúingum í skólann enda mikið búið að bíða eftir því. Þeir sem pöntuðu kleinuhringi eiga þá inni og við afgreiðum þá þegar tækifæri gefst.

1.-4. bekkur mun vera í skólanum sinn skólatíma og boðið verður upp á frístund fyrir nemendur í 1.-3. bekk. Við náum ekki að bjóða 4. bekk frístund eins og staðan er í dag. Við viljum árétta það að nemendur sem fara í frístund eru í sama hólfinu allan daginn sem vissulega getur verið talsvert álag á lítil börn en þannig eru þær reglur sem við þurfum að fara eftir.

1. bekkur notar inngang við íþróttahúsið-klæðir sig úr þar og fer inn á gang. Skóli hefst kl. 8.10. Elín tekur á móti nemendum.

2. bekkur notar inngang við D-álm (sama og nemendur nota venjulega). Skóli hefst kl. 8.10. Anna María tekur á móti nemendum.

3. bekkur notar inngang inn á C-álm (sama og nemendur nota venjulega). Skóli hefst kl. 8.10. Paula tekur á móti nemendum.

4. bekkur notar inngang við D-álm (sama og nemendur nota venjulega). Skóli hefst kl. 8.20, aðeins seinna til að skarast ekki við 2. bekk.

Grímuskylda er ekki hjá 1.-4. bekk en nauðsynlegt er að ræða við börnin að nú eigum við að reyna að halda fjarlægðartakmörkunum eins og við mögulega getum.